

Ársfundur 2009

Skýrsla forstöðumanns rannsóknþjónustu á ársfundi Listaháskóla Íslands 25. nóvember 2009

- starfsárið 2008 - 2009

Almenn starfsemi

Á starfsárinu var helst unnið að styrkingu innra stöða fyrir rannsóknir í listum og því var sjónum aðallega beint inn á við. Lagðar voru línur fyrir rannsóknastefnu skólans jafnframt því sem almenn orðræða um listrannsóknir fékk að þroskast nokkuð. Lögð voru til hugtök og skilgreiningar varðandi þróun rannsókna í listum, en afar mikilvægt er að skapa vettvang fyrir stjórnendur og kennara að móta þá orðræðu. Einnig var unnið að samræmingu aðferðafræðikennslu á meistarstigi fyrir allar deildir, og var sú vinna langt á veg komin í lok starfsársins. Sömuleiðis voru málstofur meistarnema um tengsl rannsókna og listsköpunar þróaðar áfram. Þar að auki var hafinn undirbúningur rannsóknagagnabanka skólans, þar sem skráð verður öll þau starfsemi er lýtur undir R&P kennara skólans, og henni miðlað út í samfélagið. Einnig verða skráð í gagnabankann rannsóknarvekefni meistaranema. Á starfsárinu var auk þess gerður upptaktur að mikilvægri umræðu um mælistikur fyrir R&P á fræðasviðinu *listir*, en sú vinna kallar á víðtækt samráð og er afar mikilvæg varðandi möguleika starfsfólks skólans á að sækja fé í samkeppnissjóði innanlands.

Ekki verður komist hjá þeirri staðreynd að annað starfsár Rannsóknþjónustu Listaháskólans leið nokkuð fyrir þá staðreynd að ekki reyndist unnt að hefja meistaranám á fyrirhuguðum námsbrautum á starfsárinu – þó með undantekningu nýs meistarnáms í tónsmíðum. Með fyrsta árgangi í meistaranámi í tónsmíðum hefur skapast dýrmæt reynsla og fordæmi fyrir rannsóknatengt listnám innan skólans sem ber að nýta fyrir aðrar námsbrautir. Ljóst er að uppbygging rannsókna mun eiga auðveldara uppdráttar þegar rannsóknatengt meistaranám í fleiri deildum hefur fengið brautargengi, en með því munu opnast fjölmörg tækifæri fyrir starfsfólk og nemendur skólans til að finna rannsóknarviðfangsefnum sínum fjárhagslegan sem og hugmyndafræðilegan farveg.

Ráðstefna um listrannsóknir

Forstöðumaður skipulagði ráðstefnu um rannsóknir í listum undir yfirskriftinni *Rannsókn*, dagana 3.-4. október. Ráðstefnan var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og þannig mikilvægt innlegg í umræðuna um rannsóknatengt listnám. Á ráðstefnunni fluttu framsæknir lykilfyrirlesarar erindi um þau mismunandi sjónarhorn sem hugmyndafræði listrannsókna byggir á, ásamt því sem rætt var um ýmis vandamál er upp koma þegar listir ryðja sér til rúms í fræða- og vísindaheiminum. Auk lykilfyrirlesaranna kynntu listnemendur í doktorsnámi rannsóknarverkefni sín og gáfu ráðstefnugestum þannig innsýn í framkvæmd

listrannsókna. Góðar umræður spunnust meðal ráðstefnuþátttakenda og víst er að þessi viðburður hefur skilið eftir sig mikilvert efni til að vinna úr við uppbyggingu rannsókna við skólann.

Fyrirlesarar ráðstefnunnar voru Henk Borgdorff (Amsterdam School of the Arts), Mary Anne Francis (Brighton University og Chelsea College of Art & Design, University of the Arts London), Terry Rosenberg (Goldsmiths University), Georg Weinand (Das Arts) og Simon Bayly (Roehampton University). Doktorsnemar voru Mark Curran (Dublin Institute of Technology and Institute of Art, Design and Technology, Dun Laoghaire), Bryndís Snæbjörnsdóttir (Gothenburg University) og Katrine Hjelde (Chelsea College of Art and Design, University of the Arts London).

Erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á heimasíðu skólans, ráðstefnutungumálið var enska.

Rannsóknarkvöld

Haldin voru fjögur rannsóknarkvöld á starfsárinu, en þau hafa reynst góður umræðuvettvangur fyrir viðfangsefni kennaraliðs skólans. Tilgangur rannsóknarkvölda er að skapa jafningjagrundvöll fyrir faglega og gagnrýna umræðu um rannsóknir og listsköpun innan skólans. Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor í myndlistardeild, Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun, Sigrún Sigurðardóttir, fagstjóri fræða í hönnunar- og arkitektúrdeild, ásamt Önnu Líndal, fráfarandi prófessor í myndlistardeild héldu framsögu um viðfangsefni sín við á starfsárinu.

Menntasjóður Listaháskóla Íslands

Rannsóknþjónustan hefur umsjón með Menntasjóði og var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn tvisvar á árinu, í október og febrúar. Úthlutað var til 19 verkefna, samtals kr. 1.395.000.

Kynningar á styrkjamöguleikum

Í febrúar var haldin kynning á þremur styrkáætlunum á vegum Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Rannsóknánámssjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna og 7. rammaáætlun ESB voru kynnt fyrir starfsfólki skólans og nemendum.

Styrkt rannsóknarverkefni

Nýsköpunarsjóður námsmanna: aldrei hafa jafnmargar umsóknir úr Listaháskólanum verið sendar í sjóðinn og á þessu starfsári. Styrklutfallið var einnig nokkuð hátt, en 7 verkefni hrepptu styrk, unnin af alls 15 nemendum úr hönnunar- og arkitektúrdeild og myndlistardeild. Alls bárust 316 umsóknir til sjóðsins þetta starfsár, en aðeins 86 verkefni voru styrkt.

Tækniþróunarsjóður: Listaháskólinn var umsóknaraðili að tveimur verkefnisumsóknum sem fengu úthlutun úr sjóðnum, annarsvegar vöruþróunarverkefninu *Heima* og hinsvegar ferðaþjónustuverkenfinu *Matur og sjálfbær ferðaþjónusta*. Matarhönnunarverkefnið *Stefnumót bænda og hönnuða* fékk áframhaldandi styrk frá Tækniþróunarsjóði og Framleiðnisjóði Landbúnaðarins á öðru starfsári sínu.

Markáætlun

Þrjár tillögur frá Listaháskólanum voru sendar í Markáætlun til frekari þróunarstyrks, og var ein þeirra valin til þess. Unnið var í framhaldinu að umsókn í stóru samstarfsverkefni undir verkefnisstjórn Ásu Richardsdóttur undir yfirskriftinni “Upplifun og lífsgæði á mörkun byggða og óbyggða”. Innsendar umsóknir í Markáætlun voru um 80 talsins og þar af fengu 10 styrk til frekari þróunar. Ekki fékkst verkefnisstykur í lokaumferð.

Ferðir og fundir

Forstöðumaður sótti tvær alþjóðlegar ráðstefnur á starfsárinu, annarsvegar tvíæringsráðstefnu *ELIA* í Gautaborg og hinsvegar *Sensuous Knowledge* í Bergen. Einnig sótti forstöðumaður rannsóknarmálþing á vegum Chelsea College í University of the Arts, London sem bar yfirskriftina *The Art of Research: Research Narratives*. Allar ferðirnar voru afar gagnlegar og fékkst mikið af gagnlegum upplýsingum um innleiðingu rannsókna í listmenntun til að vinna úr.

Helstu verkefni framundan

Áfram verður unnið að styrkingu innviða til rannsókna innan skólans, en mikilvægt er að stjórnarsýsla mæti þeim þörfum sem R&Þ kalla á. Stefnt er á að rannsóknastefna verði fullunnin og hægt verði í kjölfarið að beita henni innan skólans, unnið verði að frekari þróun aðferðafræðikennslu sem miði að því að tryggja flæði milli bakkalár- og meistarastigs, rannsóknarþjálfun meistarana verði einnig þróuð frekar og að umræðuvettvangur fyrir listrannsóknir verði áfram tryggður. Stærstu málefni rannsóknarþjónustunnar á næsta starfsári verða að vinna tillögur að mælistikum fyrri R&Þ á fræðasviði skólans, móta leiðir til fjármögnunar rannsókna og sömuleiðis þróa innra gæðaeftirlit með þeim. Einnig mun útgáfa og miðlun skipa stóra sess á komandi starfsári, en brýn þörf er til að finna þessum málefnum farsælan farveg innan skólans.

Reykjavík, þann 22. nóvember

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Forstöðumaður rannsóknarþjónustu LHÍ